UMHVERFIS
STOFNUN

Tó hf.
Jóhanna Lárusdóttir
Brekku
715 Mjóifjörður

Reykjavík, 10. september 2019
UST201901-263/gf
08.12.02

**Varðar reglubundið eftirlit 2019 – Fiskeldi Tó hf. í Mjóafirði**

Þann 9. júlí sl. fór fram eftirlit með starfsleyfi Tó hf. vegna fiskeldis í Mjóafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit.

Rekstraraðila var bent á að tilkynna til Umhverfisstofnunar á ust@ust.is þegar frágangi er lokið.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

## Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| Nafn rekstraraðila: | Dags. eftirlits: | Staðsetning stöðvar: | Starfsleyfisflokkur: |
|---|---|---|---|
| Tó hf. | 9.7.2019 | Brekku, Mjóafirði | 4 |
| **Kennitala rekstraraðila:** | **Gildistími starfsleyfis:** | **Kvittun afhend:** | **Gerð stöðvar:** |
| 410908-1820 | 19.5.2021 | Já - 9. júlí 2019 | Sjókvíaeldi |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Er neyðaráætlun til staðar? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |

**Eftirlit með fiskeldisstöð**
**Kvíaeldi**

| Umhverfi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br>Mælingar eða útreikningar?<br>Síðustu mælingar? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?<br>Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Eru kvíarnar staðsettar innan leyfilegs svæðis skv. starfsleyfi? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? | | | x | Enginn fiskur er í stöðinni. Fiskur var síðast í stöðinni um 2014 - 2015 |

**Niðurstöður eftirlits:**

Í eftirlitinu var farið á fund með Jóhönnu Lárusdóttur í Brekku í Mjóafirði. Fram kom að tiltekt í firðinum hafi farið fram og var búnaður og annað sem tengist fiskeldinu og starfsleyfið tekur til var fjarlægt úr firðinum. Enn standa þó eftir:

1. Þrjár kvíar Tó hf. eru enn úti á firðinum en Jóhanna hefur áætlun um að láta fjarlægja búnaðinn (sjá nánar undir liðnum <u>Annað</u>). Umhverfisstofnun verður látin vita þegar þessu er lokið.
2. Í fjörunni innan við Hesteyri eru þrír kvíahringir sem hafa verið seldir bræðrum frá Sunnuholti í Seyðisfirði. Undirritaður talaði við annan bróðurinn (Sigurberg) í síma og hann lofaði því að kvíahringirnir yrðu fjarlægðir fljótlega og yrði að fara eftir veðri hvenær það yrði gert en þetta skal gerast í sumar. Jóhanna í Brekku ætlar að láta Umhverfisstofnun vita þegar verki er lokið.
3. Plaströr í kvíahringi er á tveimur stöðum í Brekkuþorpinu. 200 – 300 metrar af efni eru í vegakanti við vatnsaflsstöð og 100 – 200 metrar eru á plani ofan við bryggjuna í þorpinu. Eftir samráð við Jón Kjartan hjá Samherja og Jóhönnu frá Tó kom í ljós að rekstraraðilar Tó eiga öll plaströrin og hafa hug á að endurnýta þau. Samkomulag varð um að þeim fyrir á lagersvæði við hlið vélaskemmu í eigu rekstraraðila. Tilkynnt verður þegar þessu er lokið.
4. Rekstraraðili óskaði eftir niðurfellingu starfsleyfisins þann 20. nóvember 2017. Umhverfisstofnun, í bréfi frá 27. apríl 2018, fór fram á að rekstraraðili sendi stofnuninni lokunaráætlun þar sem fram kæmi tímasett áætlun um frágang. Lokunaráætlun hefur enn ekki borist en í samræðum við fulltrúar rekstraraðila kom fram að tiltekt í firðinum hefur farið fram þó frágangi sé enn ekki að fullu lokið. Sjá liði 1 – 3 hér að ofan.

Enn er ekki tímabært að fella starfsleyfið niður þar sem frágangi er ekki að fullu lokið. Rekstraraðili mun tilkynna um lok framkvæmda. Sjá að ofan.

| | |
|---|---|
| **Samantekt:** | Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis gaf út starfsleyfi 19. maí 2009. Umhverfisstofnun tók við eftirliti með starfsleyfinu með bréfi frá 21.2.2017 og rekstraraðili bað um að starfsleyfið yrði lagt niður þann 20.11.2017.<br>Sjókvíaeldi Tó hf. hefur ekki verið í rekstri frá árinu 2015.<br>Í apríl 2018 kvað fulltrúi Umhverfisstofnunar málið á bið á meðan beðið er eftir að frágangi í firðinum yrði lokið.<br>Ekki er hægt að fella niður starfsleyfið fyrr en framkvæmdum er lokið. |
| **Annað:** | Á fundi í eftirlitinu kom fram að hafnaryfirvöld í Fjarðabyggð (Marinó) hefðu tekið að sér að losa kvíarnar og draga þær yfir á Neskaupstað í förgun. Ankeri og aðrar festingar svo og netapokar úr kvíunum þurfa að fylgja með í þessarri aðgerð. |

*Undirskrift eftirlitsmanns:*



# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Tó hf. Brekku, Mjóafirði**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 9.7.2019 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Gottskálk Friðgeirsson |
| **Fyrirtæki** | Tó hf. | **Eftirlitsmaður** | Gottskálk Friðgeirsson |
| **Heimili** | Brekku | **Tegund eftirlits** | Reglubundið |
| **Kennitala** | 410908-1820 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Jóhanna Lárusdóttir | **ÍSAT nr.** | 03.21.0 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust. Rekstraraðila var bent á að tilkynna Umhverfisstofnun lok frágangs.

Enn er ekki tímabært að fella starfsleyfið niður þar sem frágangi er ekki að fullu lokið. Vísað er í bréf Umhverfisstofnunar frá 27. 4.2018 um frekari upplýsingar um frágang.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var farið á fund með fulltrúa rekstraraðila, Jóhönnu Lárusdóttur í Brekku í Mjóafirði.

Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis gaf út starfsleyfi 19. maí 2009. Umhverfisstofnun tók við eftirliti með starfsleyfinu frá 21.2.2017. Rekstraraðili bað um að starfsleyfið yrði lagt niður þann 20.11.2017.

Sjókvíaeldi Tó hf. hefur ekki verið í rekstri frá árinu 2015.

Fram kom að tiltekt í firðinum hafi farið fram og var búnaður og annað sem tengist fiskeldinu og starfsleyfið tekur til var fjarlægt úr firðinum. Enn standa þó eftir:
1. Þrjár kvíar Tó hf. eru enn úti á firðinum en Jóhanna hefur áætlun um að láta fjarlægja búnaðinn. Umhverfisstofnun verður látin vita þegar þessu er lokið.
2. Í fjörunni innan við Hesteyri eru þrír kvíahringir sem hafa verið seldir bræðrum frá Sunnuholti í Seyðisfirði. Undirritaður talaði við annan bróðurinn (Sigurberg) í síma og fram kom að kvíahringirnir yrðu fjarlægðir fljótlega og yrði að fara eftir veðri hvenær það yrði gert en þetta skal gerast í sumar. Jóhanna í Brekku ætlar að láta Umhverfisstofnun vita þegar verki er lokið.
3. Plaströr í kvíahringi er á tveimur stöðum í Brekkuþorpinu. 200 – 300 metrar af efni eru í vegakanti við vatnsaflsstöð og 100 – 200 metrar eru á plani ofan við bryggjuna í þorpinu.

Eftir símtöl og tölvupósta til fulltrúa Samherja, Jón Kjartan Jónsson sem er með fiskeldisleyfi í firðinum og fulltrúa Tó hf., Jóhönnu Lárusdóttur, kom í ljós að rekstraraðilar Tó hf. eiga öll plaströrin og hafa hug á að endurnýta þau. Samkomulag varð um að þeim fyrir á lagersvæði við hlið vélaskemmu í eigu rekstraraðila. Umhverfisstofnun verður tilkynnt um lok framkvæmda.

Rekstraraðili óskaði eftir niðurfellingu starfsleyfisins þann 20. nóvember 2017. Umhverfisstofnun, í bréfi frá 27. apríl 2018, fór fram á að rekstraraðili sendi stofnuninni lokunaráætlun þar sem fram kæmi tímasett áætlun um frágang. Lokunaráætlun hefur enn ekki borist en í samræðum við fulltrúar rekstraraðila kom fram að tiltekt í firðinum hefur farið fram þó frágangi sé enn ekki að fullu lokið.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að tilkynna Umhverfisstofnun um lok frágangs.

## ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

Reykjavík, 10.09.2019

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.